



Eftirlit Matvælastofnunar með dýravelferð við blóðtöku úr fylfullum hryssum árið 2023

19.01.2024



Um starfsemina

Eftirlitsþegi var Ísteka ehf sem hafði sérstakt leyfi Matvælastofnunar til blóðtöku á grundvelli þágildandi reglugerðar um blóðtöku úr fylfullum hryssum (900/2022). Leyfið var takmarkað við starfsstöðvar þar sem hrossahald til blóðtöku hafði verið tilkynnt og tekið út af Matvælastofnun.

Hestahald til blóðtöku úr fylfullum hryssum var skráð á 90 starfsstöðvum árið 2023 sem er sami fjöldi og árið 2022 en 25% fækkun frá árinu 2021. Ekki höfðu komið fram alvarleg frávík við hestahaldið á þessum bæjum undangenginn vetur.

Samkvæmt upplýsingum úr innra eftirliti fyrirtækisins var blóð tekið úr 4088 hryssum á árinu, eftir að 4748 hryssur höfðu verið leiddar voru undir hest í þeim tilgangi (frjósemi ríflega 85%). Alls voru framkvæmdar um 24 þúsund blóðtökur. Algengast var að blóð væri tekið 7 sinnum úr hverri hryssu en meðaltalið var 6,1 skipti.

Niðurstöður eftirlits Matvælastofnunar

Allir blóðtökustaðirnir voru heimsóttir af sérþjálfuðu eftirlitsfólki MAST sem studdist við gátlista sem er byggður á framangreindri reglugerð. Sérstök áhersla var lögð á að skoða hófhirðu og almennt heilbrigði hryssnanna.

Alvarleg frávík komu fram við eftirlit Matvælastofnunar á einni starfsstöð en úrbætur voru framkvæmdar innan settra tímamarka. Um var að ræða óásættanlega hófhirðu auk þess sem hryssnahópurinn var stærri en reglur kveða á um.

Vægari frávík komu fram á 48 starfsstöðum. Algengast var að gerðar væru athugasemdir við hófhirðu (27), slyshættu út af ýmsu járnadrasli við blóðtökuaðstöðuna (10), rétta skráningu á umráðamanni (7) og endurteknar stungur/sljóar nálar (4). Frávík við önnur skoðunaratriði voru fátíðari. Þá hafði Matvælastofnun sérstakt eftirlit með þjálfun dýralækna sem komu nýir til starfa við blóðtöku, en krafa um slíka þjálfun var sett á leyfishafa (Ísteka ehf) fyrir blóðtökutímabilið 2023. Engin frávík komu fram við eftirlit með þjálfuninni.

Ísteka ehf tilkynnti Matvælastofnun um sex dauðsföll á hryssum á blóðtökutímabilinu. Ekkert þeirra átti sér stað í beinum tengslum við blóðtökuna og í tveimur tilvikum var blóðtaka ekki hafin (sýnatökuhryssur). Staðfest var að ein hryssan drapst úr hrossasótt en ekki tókst að sýna fram á dánarorsakir í öðrum tilfellum. Önnur slysg og veikindi voru skráð hjá 28 hryssum sem fengu, eftir atvikum, viðeigandi aðhlyningu og voru teknar úr blóðtöku tímabundið eða varanlega. Um niðurstöður innra eftirlits Ísteka er að öðru leyti vísað í áður birta skýrslu fyrirtækisins <https://isteka.is/yfirlit-yfir-starfsemi-isteka-a-blodtokutimabilinu-arid-2023/>

Rannsókn á styrk blóðrauða var framkvæmd af opinberri rannsóknastofu í marktæku úrtaki hryssna fyrir 5. blóðtöku. Meðalgildi blóðrauða var 10,5 g/dl með staðalfrávikinu 1,1. Ein hryssa var með gildi undir 8 sem bendir til blóðleysis á vægu stigi, en klínískra einkenna varð ekki vart. Niðurstöðurnar voru í góðu samræmi við fyrri rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á rannsóknastofu Ísteka ehf.

Niðurstaða

Út frá sjónarmiði dýravelferðar gekk blóðtaka úr fylfullum hryssum vel árið 2023 og ljóst að fyrirbyggjandi aðgerðir, svo sem þjálfun nýrra dýralækna og aukið innra og ytra eftirlit, hafa skilað árangri. Nýr gátlisti Matvælastofnunar, sem byggður er á greiningu á áhættuþáttum í starfseminni, reyndist gott verkfæri til að tryggja öflugt og samræmt ytra eftirlit sem stofnunin framkvæmir. Brugðist var hratt við frávikum sem snéru að því að endurtaka þurfti stungu á nokkrum hryssum á fjórum bæjum snemma á blóðtökutímabilinu. Atvikin voru rakin til þess að nálar væru ekki nægilega beittar og endurskoðaði Ísteka tafarlaust verklag við að bryningu og yfirferð á nálum. Eftir það voru engin

frávik gerð við þetta skoðunaratríði. Bætt skráning á slysum og veikindum blóðtökuhryssna mun sömuleiðis nýtast til fyrirbyggjandi aðgerða.

Kröfur til úrbóta: Hófhirða verði framkvæmd á öllum hryssum fyrir blóðtökutímabilið ár hvert og í síðasta lagi við fyrstu sýnatöku. Sömuleiðis verði lögð áhersla á að fjarlægja hverskyns slysaættur við blóðtökuaðstöðu fyrir komandi blóðtökutímabil. Daglegt eftirlit verði með blóðtökuhryssum á blóðtökutímabilinu og ábyrgðamönnum hestahaldsins skylt að halda dagbók þar að lútandi.

Samantekt um áhrif reglugerðar um blóðtöku úr fylfullum hryssum (900/2022)

Helsta breytingin er að verulega hefur hægt á blóðtökuferlinu og tímapressan og álagið minnkað. Hámarksfjöldi hryssna í blóðtökuhópum er nú 75 hryssur í stað 100 hryssna áður. Flestar starfsstöðvar halda reyndar mun færri hryssur þannig að áhrifanna gæti fyrst og fremst á stærstu starfsstöðvunum. Ákvæði um að blóðtökubásar megi að hámarki vera þrjár á hvern dýralækni, í stað fjögurra áður, vinnur að sama marki. Þá hefur ákvæði um að dýralækni sé tryggð næg aðstoð, þannig að ávallt sé manneskja við hlið hversar blóðtökuhryssu á meðan á blóðtöku stendur, haft jákvæð áhrif og í flestum tilfellum er nú slakað á uppbindingu hryssnanna eftir stungu þannig að þær standi í eðlilegri líkamsstöðu á meðan sjálf blóðtakan fer fram. Fyrir gildistöku reglugerðarinnar hafði Matvælastofnun gert þá kröfu að ekki mætti taka blóð úr hryssum yngri en 4 vetra og með reglugerðinni bættust við efri aldursmörk, 24 vetra. Viðbótarkrafa um sérstaka þjálfun dýralækna sem koma nýir að blóðtöku skilaði, að því er virðist, góðum árangri en enginn grunur var um að reynsluleysi dýralækna kæmi niður á velferð hryssnanna árið 2023.

Innra eftirlit Ísteka hefur aukist umtalsvert undangengin tvö ár sem og annað eftirlit á vegum leyfishafa. Þá hefur eftirlit Matvælastofnunar verið aukið mjög mikið þar sem allir blóðtökustaðir hafa verið heimsóttir árlega undanfarin tvö ár. Teymisvinna og gátlisti hafa ennfremur skilað betri samræmingu og öflugra eftirliti. Skýr ábyrgðarkeðja er til þess fallin að auðvelda eftirlit og viðbrögð við frávikum.